

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/2074****2020/EES/26/32**

frá 23. september 2019

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um sértækt opinbert eftirlit með sendingum af tilteknum dýrum og vörum sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum h-lið 1. mgr. 77. gr.,

OG AÐ TEKNU TILLITI TIL EFTIRFARANDI:

- 1) Í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625 er gerð krafa um að framkvæmdastjórnin samþykki reglur um framkvæmd sértæks opinberts eftirlits með sendingum af dýrum og vörum, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 47. gr. þeirrar reglugerðar, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning.
- 2) Dýr og vörur, sem eru upprunnin í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, ættu að falla undir sannpröfun skjala, sannpröfun auðkenna og, eftir því sem við á, eftirlit með ástandi á landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð inn í Sambandið, til að tryggja að þau uppfylli kröfurnar í lögum Sambandsins. Þetta eftirlit ætti einkum að tryggja að dýrin séu hæf til frekari flutnings á viðtökustað sinn og að kröfur er varða velferð dýra séu virtar.
- 3) Í 15. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur sem varða heilbrigðiseftirlit með dýraafurðum sem á að inna af hendi í þeim tilgangi að heimila endurinnflutning sendinga af afurðum sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning. Reglugerð (ESB) 2017/625 fellir úr gildi tilskipun 97/78/EB og kemur í hennar stað frá og með 14. desember 2019.
- 4) Til að tryggja öflugna vernd fyrir dýraheilbrigði og lýðheilsu ætti að viðhalda kröfunum, sem settar eru fram í 15. gr. tilskipunar 97/78/EB, með tilteknum aðlögunum, að teknu tilliti til reynslu sem fengist hefur við beitingu krafanna sem mælt er fyrir um í þeirri grein og nýja lagarammans sem komið var á með reglugerð (ESB) 2017/625.
- 5) Til að tryggja að engin áhætta sé á að dýrasjúkdómar eða plöntuskaðvaldar berist inn í Sambandið og berist út í því ættu lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum einkum að tryggja að sendingar, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur, séu í samræmi við viðeigandi kröfur um endurkomu slíkra sendinga inn í Sambandið eins og mælt er fyrir um í reglum um heilbrigði dýra, um aukaafurðir úr dýrum eða um plöntuheilbrigði, eins og við á.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 316, 6.12.2019, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 095, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum (Stjútíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9).

- 6) Sendingar af afurðum úr dýraríkinu og af samsettum afurðum, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, geta skapað áhættu fyrir lýðheilsu. Til að tryggja að þessar sendingar séu í samræmi við reglur um matvæli og matvælaöryggi, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, þykir rétt að gera þá kröfu að lögbær yfirvöld á landamæraeftirlitsstöðvum við komu inn í Sambandið eigi að heimila endurkomu afurða úr dýraríkinu, sem eru tilgreindar í framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2007 ⁽³⁾, og samsettra afurða, með fyrirvara um heilbrigðiseftirlit með dýraafurðum á landamæraeftirlitsstöðvum samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB ⁽⁴⁾, að því tilskildu að þessar afurðir séu í samræmi við sértækar viðbótarkröfur.
- 7) Nauðsynlegt er að tryggja að sendingar af afurðum úr dýraríkinu og samsettum afurðum, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, komist á viðtökustað sinn. Þess vegna ættu kröfur um málsmeðferð, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666 ⁽⁵⁾, að gilda um vöktun á flutningi og komu sendinga af vörum frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð inn í Sambandið, til starfsstöðvar á viðtökustaðnum.
- 8) Reglugerð (ESB) 2017/625 gildir frá 14. desember 2019. Til samræmis við það ættu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um framkvæmd sértæks opinbers eftirlits á landamæraeftirlitsstöðvum með sendingum af flokkum dýra og vara, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning.

2. gr.

Sértækt opinbert eftirlit með sendingum af dýrum og vörum sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning

1. Lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð inn í Sambandið, skal inna af hendi sannprófun skjala og sannprófun auðkenna með sendingum af dýrum og vörum, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning.
2. Lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð inn í Sambandið, skal inna af hendi eftirlit með ástandi eftirfarandi sendinga sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning:
 - a) sendinga af dýrum sem um getur í a-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
 - b) sendinga af vörum sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, ef grunur leikur á um að þessar vörur séu ekki í samræmi við reglurnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, til að staðfesta þennan grun eða eyða honum.

⁽³⁾ Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2007 frá 18. nóvember 2019 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skrár yfir dýr, afurðir úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir og hey og hálm sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum og um breytingu á ákvörðun 2007/275/EB (Stjtið. ESB L 312, 3.12.2019, bls. 1).

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. apríl 2007 um skrár yfir dýr og afurðir sem skulu sæta eftirliti á skoðunarstöðvum á landamærum samkvæmt tilskipunum ráðsins 91/496/EBE og 97/78/EB (Stjtið. ESB L 116, 4.5.2007, bls. 9).

⁽⁵⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666 frá 24. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skilyrði fyrir vöktun á flutningi og komu sendinga af tilteknum vörum frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað í Sambandinu (Stjtið. ESB L 255, 4.10.2019, bls. 1).

3. Lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð inn í Sambandið, skal sannreyna að sendingar af dýrum og vörum séu í samræmi við eftirfarandi kröfur:

- a) að því er varðar dýr sem um getur í a-lið 1. mgr 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og kímefni sem um getur í b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625: kröfur um heilbrigði dýra og velferð, eins og við á, sem settar eru fram í reglunum sem um getur í d- og f-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- b) að því er varðar afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir sem um getur í b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625:
 - i. kröfur um heilbrigði dýra sem settar eru fram í reglunum sem um getur í d-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
 - ii. viðbótarreglurnar sem mælt er fyrir um í 3. gr. þessarar reglugerðar,
- c) að því er varðar aukaafurðir úr dýrum sem um getur í b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og að því er varðar afleiddar afurðir: kröfur sem settar eru fram í reglunum sem um getur í e-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- d) að því er varðar plöntur, plöntuafurðir og aðra hluti sem getur í c-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625: kröfur um plöntuheilbrigði sem settar eru fram í reglunum sem um getur í g-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

4. Lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöðinni, sem er komustöð inn í Sambandið, skal upplýsa lögbært yfirvald á viðtökustaðnum um þá staðreynd, gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit sem um getur í 131. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, að sendingin hafi verið samþykkt til innflutnings inn í Sambandið og að sérstakur viðtökustaður sé tilgreindur í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu.

3. gr.

Viðbótarreglur um sértækt opinbert eftirlit með sendingum af afurðum úr dýraríkinu og samsettum afurðum

1. Lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöðinni, sem er komustöð inn í Sambandið, skal heimila innflutning eftirfarandi sendinga af afurðum, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, inn í Sambandið að því tilskildu að þær séu í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 2. mgr.:

- a) afurðir úr dýraríkinu sem eru tilgreindar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2007,
- b) samsettar afurðir, sem eru tilgreindar í 16. til 22. kafla I. viðauka við ákvörðun 2007/275/EB, sem falla undir heilbrigðiseftirlit með dýraafurðum á landamæraeftirlitsstöðvum við komu inn í Sambandið í samræmi við 4. gr. sömu ákvörðunar.

2. Eftirfarandi skjöl skulu fylgja sendingum af afurðum sem um getur í 1. mgr.:

- a) frumrit opinberra vottorðsins sem lögbært yfirvald aðildarríkisins, sem vörurnar eru upprunnar í og voru sendar frá til þriðja lands (upprunaaðildarríkið), gaf út eða rafrænt jafngildi þess sem er lagt fram í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit eða staðfest afrit af því,
- b) opinber yfirlýsing lögbærs yfirvalds eða annarra opinberra yfirvalda í þriðja landinu þar sem tilgreind er ástæðan fyrir því að synjað var um innflutning, staður og dagsetning affermingar og endurfermingar í þriðja landinu og staðfesting á því að:
 - i. sendingin var affermd, geymd og endurfermd en ekki meðhöndluð á neinn annan hátt,
 - ii. hollustuhættir voru viðhafðir við affermingu og endurfermingu afurða úr dýraríkinu og samsettra afurða til að komast hjá víxlmengun,
 - iii. hollustuhættir voru viðhafðir við geymslu afurða úr dýraríkinu og samsettra afurða og þær geymdar við tilskilið hitastig fyrir viðeigandi tegundir vara,
- c) yfirlýsing lögbærs yfirvalds á viðtökustað í Sambandinu um að það samþykki að taka við sendingunni; þó skal ekki gerð krafa um þessa yfirlýsingu ef sendingin fer aftur til upprunastarfsstöðvar sendingarinnar sem er staðsett í sama aðildarríki og landamæraeftirlitsstöðin sem er komustöð inn í Sambandið.

3. Þrátt fyrir a-lið 2. mgr., ef ekki er unnt að leggja fram skjölin sem um getur í því ákvæði, er heimilt að staðfesta uppruna sendingarinnar á annan hátt á grundvelli skriflegra sönnunargagna sem rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, leggur fram.
4. Lögbæru yfirvaldi á landamæraeftirlitsstöðinni, sem er komustöð inn í Sambandið, er heimilt að veita undanþágur frá kröfunum, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr., að því er varðar innsiglaðar sendingar með órofið upprunalegt innsigli, að því tilskildu að rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, leggi fram yfirlýsingu þar sem tilgreind er ástæðan fyrir því þriðja landið synjaði um innflutning og staðfest að flutningar hafi farið fram við aðstæður sem henta fyrir viðkomandi tegund afurða úr dýraríkinu og samsettar afurðir.
5. Lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöðinni, sem er komustöð, skal vakta flutning og komu sendingarinnar á viðtökustað í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2019/1666 ef lögbært yfirvald á viðtökustaðnum hefur gefið út yfirlýsinguna sem um getur í c-lið 2. mgr.

4. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. september 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
